

# Vöktun rjúpnastofnsins

Ólafur K. Nielsen,

*Náttúrufræðistofnun Íslands.*

Rjúpan er ein mikilvægasta bráð íslenskra skotveiðimanna. Rjúpnastofninn er vaktaður til að tryggja sjálfbærar veiðar og þetta er gert með því að telja rjúpur, aldursgreina og skrá veiði. Náttúrufræðistofnun ber ábyrgð á framkvæmd talninga og aldursgreininga og Umhverfisstofnun á skráningu á veiði. Talningar eru gerðar á vorin en aldursgreiningar þrisvar sinnum á ári þ.e. á vorin, síðsumars og á veiðitíma. Þessi verkefni NÍ eru unnin í samstarfi við Náttúrustofur, SKOTVÍS og áhugamenn, hundruð einstaklinga taka þátt á hverju ári. Umhverfisstofnun safnar veiðiskýrslum en allir veiðimenn þurfa að kaupa veiðikort ár hvert og til að endurnýja veiðikort er skilaskylda á veiðiskýrslum. Út frá þessum gögnum má ráða í stofnbreytingar, langtíma þróun stofns, afföll og stofnstærð.

## Flýgur fiskisagan –

### Viðbrögð fugla við síldargöngum í Breiðafjörð.

Róbert Arnar Stefánsson,

*Náttúrustofu Vesturlands.*

Íslenska sumargotssíldin heldur sig yfirleitt í fjörðum og flóum við Norður- og Austurland til tveggja ára aldurs og fer á þriðja ári suður fyrir landið, þar sem hún heldur sig fram að kynþroska við fjögurra ára aldur. Frá árinu 2006 leitaði stór hluti af eldri árgöngum stofnsins inn á sunnanverðan Breiðafjörð og mældi Hafrannsóknastofnun til að mynda 800–900 þúsund tonn af síld á sunnanverðum Breiðafirði árið 2008. Eftir það hefur gengið jafnt og þétt á þennan hluta síldarstofnsins vegna veiða og náttúrulegra vanhalds, en yngri árgangar hafa haldið sig fyrir sunnan og austan land. Þessar síldargöngur komust í hámarki á tímabilinu 2012-2013, þegar um 50 þúsund tonn af síld drápu í Kolgrafafirði vegna súrefnisskorts í tveim aðskildum atburðum um miðjan desember og í byrjun febrúar.

Síldargöngurnar í Breiðafjörð höfðu gríðarlega mikil áhrif á fuglalíf að vetrarlagi og sér þess merki í niðurstöðum vetrarfuglatalninga á svæðinu. Fuglalífið tók að aukast strax og síldargöngur byrjuðu og var orðið mjög mikið árið 2008, þegar magn síldar á sunnanverðum Breiðafirði var í hámarki. Hámarkið í fjölda fugla kom þó nokkru síðar eða veturna 2010-2014, sérstaklega veturna 2012-13 og 2013-14, þegar fjöldinn margfaldaðist og náði fáheyrðum hæðum. Algengustu fuglarnir voru svartbakur og hvítmafur og var líklega stór hluti Íslandsstofns þessara tegunda samankominn á litlu svæði og e.t.v. einnig fuglar úr öðrum norrænum stofnum. Einnig var mikill fjöldi af æðarfugli, fyl, bjartmáf og skörfum, auk tuga hafarna. Þá sáu seglulega hópar háhyrninga, hnýðinga og hnísa, og land- og útselir voru mjög algengir.

Mikið en staðbundið æti dró að sér fuglana og náði áhrifsvæðið líklega yfir a.m.k. allan Vesturlhuta Íslands og grunnsævi hans. Þetta má m.a. sjá af þróun í fjölda máfa í gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands um niðurstöður vetrarfuglatalninga í öðrum landshlutum. Einhvern veginn hefur fiskisagan því flogið landshluta á milli, hvort sem fuglar náðu að lesa það af vísbendingum úr umhverfi sínu eða með beinum tjáskiptum sín á milli.